



Aðgerðir á 5 ára áætlun 2018
sem fylgja markmiðum í
Menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2014-2020
uppfærð samhliða gerð fjárhags- og starfsáætlunar fyrir 2018.

Menning er mannréttindi

„Þar sem menning er ein helsta driffjöður þróunar
verður að telja menningarlega þætti þróunar jafngilda
hinum efnahagslegu sem einstaklingar og þjóðir
hafi grundvallarrétt til að taka þátt í og njóta.“

Úr mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

Leiðarljós menningarstefnunnar:

Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki.
Sjálfsmynd borgarinnar byggir á skapandi hugsun, frumkvæði og
menningararfi í samspili við alþjóðlegar stefnur og strauma.
Menningarlífið einkennist af metnaði, fjölbreytni, samvinnu
og virkri þátttöku íbúa og gesta.

**Aðgerðaráætlun menningarstefnu 2018. Samþykkt á fundi
menningar- og ferðamálaráðs 13.11.2017.**

1. kafli

AUÐLIND – UNDIRSTAÐA FRAMTÍÐAR

Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki sem höfuðborg Íslands og ræktar menningarlega sjálfsmynd sína

Aðgerðir á 5 ára áætlun:

1. Leitað eftir aukinni samvinnu við ríki, sveitarfélög og fræðasamfélagið um sameiginlega aðkomu að verkefnum, samstarfssamningum, ráðstefnum, stefnumótun og stuðningi sem snýr að menningu og listum.

Aðgerðir í farvegi:

1. Menningarstofnanir borgarinnar eiga frumkvæði að samstarfi bæði innanlands og utan og eru þannig meðvitaðar um höfuðborgarhlutverk sitt.
2. Stuðningur við aðrar meginstoðir í menningarlífi höfuðborgarinnar svo sem Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Símfóníuhljómsveit Íslands og Listahátíð í Reykjavík sem eru meðvitaðar um höfuðborgarhlutverk sitt.
3. Frekari efling og kynning á Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO innanlands sem utanlands.

Menning hefur gildi í sjálfri sér og því er skapað svigrúm í borginni fyrir óvænta þróun og kraftmikinn vöxt á sviði menningar og lista.

Aðgerðir í farvegi:

1. Efling Listahátíðar í Reykjavík sem þverfaglegar listahátíðar með áherslu á nýsköpun. Hátíðin vinnur með og leiðir saman opinberar stofnanir og sjálfstæða hópa listamanna á öllum sviðum menningarlífsins og hefur verið samstarfsverkefni ríkis og borgar frá stofnun árið 1970. Haldin annað hvort ár eftir 2016.
2. Menningar- og ferðamálaráði er heimilt að halda eftir hluta styrkfjár ár hvert til að geta veitt ófyrirséðum tækifærum farveg eftir faglega meðferð umsókna, í samræmi við verklagsreglur þar að lútandi.
3. Verklagsreglur um styrkveitingar tryggja að styrkveitingar til listalífsins í borginni endurspegli breidd, nýmæli og framsækni og að endurnýjun eigi sér stað í hópi styrkþega.

Skapandi greinar eru hluti af grunnþáttum

efnahags- og atvinnulífs borgarinnar.

Aðgerðir í farvegi:

1. Unnið eftir nýjum verklagsreglum fyrir Listasafn Reykjavíkur um greiðslur til

myndlistarmanna vegna þátttöku í sýningum og vinnu við eigin sýningar innan safnsins. Viðbótarframlag frá borgarráði þess vegna.

2. Reykjavíkurborg hvetur til og hefur samstarf um rannsóknir á hagrænum áhrifum menningar og skapandi greina. Til framtíðar verði hagræn, menningarleg, félagsleg og umhverfisleg áhrif metin, vægi hvers þáttar og samspil þeirra á milli.
3. Stuðlað að frumkvæði með því að styðja við bakið á hvers kyns sköpunarstarfi með styrkveitingum og aðstöðu.
4. Rannsóknir á hagrænum áhrifum listastarfsemi nýttar sem grundvöllur að markvissum stuðningi til listalífsins.

2. kafli

BÖRN OG MENNINGARUPPELDI

Menning og listir eru snar þáttur í uppeldi og kennslu barna og ungmenna í borginni.

Aðgerðir á 5 ára áætlun:

1. Hvatt til áherslu á menningaruppeldi með því að efla fræðslustarfsemi menningarstofnana borgarinnar og að auka samstarfs listamanna og skólafólks innan grunnskólans í nánu samstarfi við skóla- og frístundasvið. Samstarfið taki mið af skólastefnu um skóla án aðgreiningar og endurspegli margbreytileika mannlífsins.
2. Lögð verði áhersla á skapandi hugsun og sjálfstæð vinnubrögð með tækni 21. aldarinnar. Sjálfsproski og sköpunarkraftur barna virkjaður gegnum tækni og leik. Tæknilæsi barna virkjað m.a. með tilraunaverkstæðum og sköpunarsmiðjum.

Aðgerðir í farvegi:

1. Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar vinni sérstaka fræðsluáætlun ætlaða börnum sem hluta starfsáætlunar hvers árs.
2. Þeir samstarfsaðilar sem njóta hæstu menningarstyrkja Reykjavíkurborgar eru hvattir til að vinna árlega fræðsluáætlun, með sérstökum ákvæðum í samstarfssamningum.
3. Lestur er lykill, kynningarbæklingur um lestur fyrir börn dreift í ung barnavernd. Úrvalsbókin Nesti og nýir skór gefin 1. bekkingum á bókasöfnum.
4. Menningar- og listuppeldi barna og unglunga nýtur sérstakrar áherslu í styrkveitingum borgarinnar.
5. Bókmenntaborg UNESCO og Borgarbókasafn Reykjavíkur sinna verkefnum sem tengjast börnum á sviði lestrarhvatningar, skáldskapar, hugarflugs og lestrargleði. Barnabókaverðlaun Skóla- og frístundaráðs og Dimmalimm – Íslensku myndskreytiverðlaunin sameinuð undir heitinu Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar. Þau eru þrískipt - fyrir bestu frumsömu íslensku barnabókina, bestu þýðingu á barnabók yfir á íslensku og bestu myndskreytingu á íslenskri barnabók.

Leikskólar, grunnskólar og frístundamiðstöðvar eiga góða samvinnu um listuppeldi við listamenn, söfn og menningarmiðstöðvar í borginni.

Aðgerðir á 5 ára áætlun:

1. Hvatt til samstarfs um vönduð verkefni sem unnin eru að frumkvæði listafólks.

Aðgerðir í farvegi:

1. Á vegum Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO er unnið að því að gera Sleipni að lestrarfélagu barna í Reykjavík og vægi Lestarahátíðar á öllum skólastigum aukið.
2. Með Menningarfánanum er hvatt til þess að starfsstöðvar skóla- og frístundasviðs vinni

- markvisst að menningaruppeldi og menningarlæsi reykvískra barna og ungmenna.
3. Með einstökum verkefnum á vegum skóla- og frístundasviðs er unnið markvisst að lista- og menningaruppeldi barna og ungmenna
 4. Starf verkefnisstjóra barnamenningar, sem er samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs, fest í sessi.
 5. Teymi um menningu og listir starfrækt á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs sem hefur það hlutverk að halda utan um og styðja við lista- og menningartengt starf á starfsstöðvum sviðsins og tryggja að listgreinum sé sinnt samkvæmt námsskrá.
 6. Biophilia—tónvísindasmiðjur, samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Bjarkar Guðmundsdóttur, hefur að markmiði að nýta sköpun sem menntunar- og rannsóknaraðferð. Það mun þróast áfram í samvinnu við Reykjavíkurborg, mennta- og menningarráðuneyti og fjölmarga aðra innlenda og erlenda aðila.

Áhersla er lögð á þátttöku barna, ungmenna og fjölskyldna í menningarlífinu og framlag þeirra til menningar metið að verðleikum.

Aðgerðir á 5 ára áætlun:

1. Aukið samstarf við ungmennaráð í hverfum borgarinnar. Formlegur samstarfsvettvangur skapaður.
2. Sérstök áhersla verði lögð á þátttöku drengja í og ánægju þeirra með menningartilboð á vegum menningar- og ferðamálasviðs þar sem kannanir hafa leitt í ljós ójafnvægi á milli kynja hvað áhuga og þátttöku varðar.

Aðgerðir í farvegi:

1. Fræðsluhópur menningarstofnana borgarinnar leggur sérstaka áherslu á jafnt aðgengi barna að menningu innan allra hverfa borgarinnar. Sérstaklega verði tekið tillit til margbreytileika barnahópsins þegar aðgengi að menningu er skoðað.
2. Börn hafi aðstöðu þar sem þau eru hvött til sköpunar í öllum menningarstofnunum Reykjavíkurborgar.
3. Listasafn Reykjavíkur veiti útskriftarnemum úr grunnskólum borgarinnar viðurkenningu fyrir einstaka frammistöðu í myndmennt.
4. Áhersla lögð á að styðja listahátíðir og listviðburði barna og unglinga tengdar ákveðnum listformum, auk þess sem Barnamenningarhátíð er fest í sessi.
5. Markviss miðlun upplýsinga um menningu til barna, unglinga og fjölskyldna í gegnum fjölbreytta miðla Reykjavíkurborgar.
6. Unglingamenning eflað um alla borg með margvíslegum verkefnum í samvinnu sviða borgarinnar og samstarfsaðila.
7. Hlúð verður æ betur að þeim innviðum barnamenningar sem þegar eru til staðar innan menningarstofnana Reykjavíkurborgar.
8. Viðburðardeild menningar- og ferðamálasviðs sinni börnum sérstaklega með Barnamenningarhátíð, auk stakra atriða á Vetrarhátíð, 17. júní, Menningarnótt og Aðventuhátíð.

3. kafli

MENNINGARSTOFNANIR REYKJAVÍKURBORGAR

Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar gegna fjölbættu hlutverki sínu á metnaðarfullan hátt og eru mikilvægur hluti af daglegu lífi íbúa jafnt sem gesta borgarinnar.

Aðgerðir á 5 ára áætlun:

1. Ný grunnsýning verði sett upp á Sjóminjasafninu í Reykjavík
2. Grófarhús eflt sem menningarmiðstöð með nýbyggingu á lóðinni Tryggvagötu 13 -15 sem tengd verður Grófarhúsi. Hluti viðbyggingar rúmar starfsemi og þjónustu Borgarbókasafnsins og Ljósmyndasafns, auk þess sem Orðlistamiðstöð og Bókmenntaborg UNESCO eignast framtíðarheimili í húsinu.
3. Nýtt menningarhús Borgarbókasafns rís í Úlfarsárdal. Safnið verður hugsað út frá hugmyndinni um bókasafnið sem menningarmiðju og byggt í tengslum við sundlaug og aðra starfsemi.
4. Varðveislusetri menningarverðmæta borgarinnar komið á laggirnar. Þar verður tekið á mótí safngripum, safnkostur flokkaður, forvarinn, rannsakaður, skráður, ljósmyndaður, varðveittur við kjöraðstæður og lánaður út á sýningar.
5. Safnkostur Borgarbókasafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur og Minjasafns Reykjavíkur efldur með framlögum í takt við verðlagsþróun.
6. Hugað sérstaklega að geymslum fyrir Listasafn Reykjavíkur í ljósi öryggis og stækkandi safneignar.
7. Umsýsla hátíða Reykjavíkurborgar sem heyrta hafa undir Höfuðborgarstofu verði færðar til skrifstofu menningarmála á skrifstofu sviðsins ásamt viðburðateyminu. Ný viðburðastefna verði mótuð fyrir hátíðirnar.

Aðgerðir í farvegi:

1. Gröndalshús fær nýtt hlutverk á nýjum stað á vegum Reykjavíkur Bókmenntastofnar UNESCO í samvinnu við menningarstofnanir Reykjavíkurborgar
2. Efling Borgarbókasafns Reykjavíkur - menningarhúsa, sem miðstöðva mannlífs og menningar þar sem mætast ólíkir hópar sem gefi raunsanna mynd af hinni margvíslegu menningu samfélagsins. Lögð er áhersla á barnamenningu, fjölmeningu og alþýðumenningu í starfi safnsins. Safnið eða menningarhúsin eru menningarmiðja í hverju hverfi fyrir sig.
3. Áhersla á verkefni menningarstofnana borgarinnar sem ná út fyrir veggja þeirra, s.s. með list í almenningsrými, útsýningum, farandsýningum, Flakkara Listasafns Reykjavíkur, fjölmeningarverkefnum Borgarbókasafns, tengingu Borgarbókasafns-menningarhúsa við menningu og velferð og þátttöku í borgarhátíðum.
4. Aukin samvinna menningarstofnana við innlendar og erlendar stofnanir, samtök, menntastofnanir og atvinnulíf.
5. Menningarkort Reykjavíkur þróað og eflt með það að markmiði að fjölga þeim sem nýta sér þjónustu menningarstofnana, bæta nýtingu kortsins, auka veltu og framlegð.
6. Efling safnabúða menningarstofnana.
7. Aukið samráð við borgarbúa með reglulegum könnunum á viðhorfum þeirra og óskum.

4. kafli

LISTIR

**Listalífið í borginni einkennist af þrótti og metnaði og hefur
tækifæri til að vaxa og dafna á eigin forsendum.**

Aðgerðir á 5 ára áætlun:

1. Verkefninu Tónlistarborgin Reykjavík komið á lagggirnar.
2. Dansverkstæðið flytji í endurgert húsnæði að Hjarðarhaga 45 – 47. Að Dansverkstæðinu standa Samtök um danshús en markmiðið er að reka Danshús í Reykjavík sem verði heimili dansins á breiðum grunni.

Aðgerðir í farvegi:

1. Marshallhúsið elft og styrkt með framlagi Reykjavíkurborgar. Í húsinu er aðsetur Nýlistasafnsins og listamannarekna gallerísins Kling og Bang. Einnig vinnustofa og sýningarrými Ólafs Elíassonar.
2. Áhersla á langtímasamninga við samstarfsaðila í menningarlífinu til að efla fagmennsku og styrkja rekstrargrundvöll þeirra.
3. Verklagsreglur tryggja að jafnt sé hugað að nýjum listgreinum sem rótgrónum í gegnum árlega styrki og annan stuðning við listalífið í borginni. Listamenn njóta stuðnings á öllum stigum starfsferilsins.
4. Verklagsreglur tryggja að samstarfssamningar og styrkveitingar til listhópa, hátíða, einstakra listamanna og stofnana endurspeglji fjölbreytileika menningarlífsins.
5. Menningarstofnanir borgarinnar standa fyrir metnaðarfullri listastarfsemi og sýningum á nýjum íslenskum verkum.

Skapaðar eru ákjósanlegar aðstæður til listsköpunar.

Aðgerðir á 5 ára áætlun:

1. Komið verði á fót tímabundnum verkefnarýmum fyrir listræn verkefni til úthlutunar á sanngjörnu verði.
2. Aðstaða fyrir menningarstarf á opnum svæðum, torgum og í almenningsgörðum t.d. með varanlegum sviðum fyrir menningarviðburði.

Aðgerðir í farvegi:

1. Fjölbreytt aðstaða til listsköpunar, listflutnings, sýninga og annarrar menningarstarfsemi hvort sem um er að ræða húsnæði í eigu borgarinnar eða annarra. Auk nýrra möguleika til aðstöðu gætu ýmis opin rými borgarinnar einnig komið til móts við þarfir listalífsins.
2. Áhersla lögð á uppbyggingu Tjarnarbíós sem miðstöð sjálfstæðra sviðslistahópa og fjölbreyttra menningarviðburða í borginni.
3. Náið samráð við Bandalag íslenskra listamanna um faglega ráðgjöf á vettvangi lista og menningar.
4. Listasafn Reykjavíkur pantar ný verk og innsetningar eftir íslenska listamenn.

NB. Vakin er athygli á skörun þessa kafla við fyrsta kafla– Auðlind.

5. kafli

AÐGENGI OG ÞÁTTTAKA

Menningarlífið í borginni er aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, víðsýni, samkennd og virðingu.

Aðgerðir á 5 ára áætlun:

1. Innleiðing fjölmeningarstefnu menningar- og ferðamálasviðs „Rætur og vængir“ ásamt drögum að aðgerðaráætlun í hjálögðu viðhengi.
2. Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar móti aðgerðaráætlun um fjölmenningu hvert fyrir sína stofnun út frá stefnunni „Rótum og vængjum“.
3. Ítarlegri gestakannanir á vegum menningarstofnana Reykjavíkurborgar.
4. Allra leiða er leitað til að gera menningarstofnanir borgarinnar sem aðgengilegastar óháð efnahag sem og öðrum áherslum í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.
5. Rafrænt aðgengi verði bætt m.t.t. ólíkrar færni
6. Þar sem um takmarkað aðgengi er að ræða s.s. að gömlum húsum og útsvæðum á vegum menningar- og ferðamálasviðs skal kynna það sérstaklega fyrir gestum með upplýsingum.
7. Skoðað verði sérstaklega hvort og þá hvað hamli aðgengi þjónustuþega að menningu í borginni í samstarfi við ferlinefnd, mannréttindaráð og aðra aðila sem vinna að sama markmiði.
8. Hátíðir á vegum Reykjavíkurborgar s.s. Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, 17. júní og Menningarnótt geti áfram boðið upp á gæða viðburði sem séu aðgengilegir óháð efnahag og félagslegri stöðu þátttakenda.
9. Skoðað verði í samvinnu við fjölmenninngarráð og mannréttindaráð hvort og hvernig umsýsla Fjölmenninngardags Reykjavíkurborgar geti flust yfir til menningar- og ferðamálasviðs

Aðgerðir í farvegi:

1. Mannréttindastefna Reykjavíkur er höfð í hávegum í allri menningarstarfsemi á vegum borgarinnar.
2. Bætt aðgengi að menningarstofnunum borgarinnar og annarri menningarstarfsemi í samvinnu við mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar.
3. Áhersla lögð á að safnkostur bókasafna endurspegli sem flest sjónarmið, enda eitt af hlutverkum bókasafna að jafna aðgengi að menningu og þekkingu.
4. Framboð tryggt á kynningarefni menningarstofnana og leiðsögn á erlendum tungumálum.
5. Verkefni Menningarmót, Söguhringur kvenna, Café Lingua og önnur fjölmenninngardagskrá Borgarbókasafns – menningarhúsa sem stuðla að því að ólíkar kynslóðir og menningarheimar kynnist og miðli af reynslu sinni og þekkingu.
6. Kynjasjónarmiða er gætt við gerð fjárhags- og starfsáætlana með beitingu kynjaðrar fjárhagsáætlunar (KFS).
7. Stuðningur við hátíðir sem stuðla að samkennd og umburðalyndi á borð við Hinsegin daga – Reykjavík Gay Pride og List án landamæra.
8. Hugað er sérstaklega að menningarlegri fjölbreytni við úthlutun styrkja á vegum

- menningar- og ferðamálasviðs.
9. Bókmenntaborgin vinnur í samstarfi við menningarhátíðir í Reykjavík, samtök innflytjenda og aðra að því að bjóða á hátíðirnar höfundum frá málsvæðum stærstu innflytjendahópa í Reykjavík.
 10. Þátttaka menningar- og ferðamálasviðs í alþjóðlegu samstarfi á vegum AEN (Audiences Europe Network) sem stuðla að rannsóknum og samvinnuverkefnum á sviði aðgengis menningar og lista.
 11. Fjölmennung og margbreytileiki endurspeglar í allri þjónustu menningarstofnananna þar sem mætast ólíkir hópar og gefi raunsanna mynd af hinni margvíslegu menningu samfélagsins.

**Menningarlífið hvetur til almennrar þátttöku og stuðlar að betra
mannlífi.**

Aðgerðir í farvegi:

1. Lögð er sérstök áhersla á að ná til ólíkra markhópa í menningarstarfi á vegum Reykjavíkurborgar með samstarfi við stofnanir og félagasamtök þeirra sem hætt er við einangrun sbr. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.
2. Íbúar og gestir borgarinnar eru hvattir til þátttöku í menningarlífinu m.a. með hátíðum á borð við Vetrarhátíð, Menningarnótt og Barnamenningarhátíð og margþættri starfsemi menningarstofnana borgarinnar
3. Haldið áfram að þróa ýmsa vefi og snjallforrit á vegum Bókmenntaborgarinnar á erlendum tungumálum.
4. Landsátak í lestri, á vegum Bókmenntaborgarinnar í samvinnu við Miðstöð íslenskra bókmennta og fleiri samstarfsaðila á bókmenntasviðinu, beint að öllum aldurshópum.

6. kafli

UMHVERFI OG SAGA

**Menning, listir og saga eru grunnþættir í þróun borgarinnar og
skapandi hugsun endurspeglast í umhverfinu.**

Aðgerðir á 5 ára áætlun:

1. Mótun stefnu um list í almenningsrými með áherslu á tilhögun nýrra verkefna í samráði við önnur svið Reykjavíkurborgar.
2. Aukin aðkoma listamanna að skipulagi og mótun mannvirkja á vegum borgarinnar, í samræmi við markmið í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030, ásamt áherslu á samþættingu lista við skipulag hverfa utan miðborgarinnar.
3. Þátttaka Borgarsögusafns – Sjóminjasafns í uppbyggingu og mótun hafnarsvæðisins, m.a. með með nýrri grunnsýningu og endurgerð Aðalbjargarinnar, með það að markmiði að menning og saga verði sýnileg.
4. Umgerð fyrir markaðstorg komið upp á opnum svæðum þar sem matarmenning fái þrífist.
5. Tekið verði mið af 14. grein myndlistarlaga nr. 64 2012 um framlag til listaverka í nýbyggingum þar sem verja skal að minnsta kosti 1% af heildarbyggingarkostnaði opinberrar nýbyggingar til listaverka í henni og umhverfi hennar.

Aðgerð í farvegi:

1. Áhersla á menningarlega sérstöðu einstakra hverfa borgarinnar, m.a. með menningarmerkingum og eflingu menningarhúsa bókasafnanna sem menningarmiðju einstakra hverfa.
2. Áhersla á miðborgina sem menningarsögulegt hjarta Reykjavíkur með það að markmiði að skapa eftirsóttan áfangastað í hjarta borgarinnar, að auka aðdráttarafli menningarstofnana í miðborginni og styðja þá sem vilja koma að framkvæmd viðburða.

**Hlúð er að sögu borgarinnar og menningarverðmætum með
mannvænt umhverfi að leiðarljósi.**

Aðgerðir í farvegi:

1. Styrkir fyrir sérstaklega myndríka miðlun/útgáfu tengda sögu og menningu í Reykjavík
2. Menningarmerkingum sem kynna listir, bókmenntir og sögu borgarinnar komið í varanlegan farveg.
3. Umhverfisstefna Reykjavíkur er höfð í hávegum í allri menningarstarfsemi á vegum borgarinnar.
4. Verndun menningarminja og byggingararfs í borgarlandinu með skráningu, rannsóknum og miðlun á upplýsingum um menningarminjar m.a. á vefnum Sarpi ásamt byggða og húsakönnunum sem gefnar eru út og birtar á vef Borgarsögusafns Reykjavíkur
5. Ný grunnsýning um sögu Reykjavíkur á Árbæjarsafni.

7. kafli

ALÞJÓÐLEG MENNINGARBORG

Menningarlífið í Reykjavík einkennist af litríkum borgarbrag, sem byggir meðal annars á menningarlegri sérstöðu og stefnumótum við alþjóðlega strauma.

Aðgerðir á 5 ára áætlun:

1. Efling samstarfs við vinaborgir Reykjavíkur með sérstökum samstarfsverkefnum.
2. Þróun og efling gestakorts Reykjavíkur svo ferðamenn geti nýtt sér betur þjónustu og framboð menningarstofnana borgarinnar.

Aðgerðir í farvegi:

1. Þátttaka Reykjavíkurborgar í fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum á sviði lista og menningar og jafnframt sóst eftir styrkjum úr alþjóðlegum menningarsjóðum fyrir stærri menningarverkefni.
2. Alþjóðleg tengsl menningarstofnana eflað með þátttöku stjórnenda menningarstofnana og sviðsins í alþjóðlegum samtökum.
3. Við gerð samstarfssamninga er hugað að möguleikum til að efla fjölþjóðleg tengsl.
4. Menningarstofnanir borgarinnar bjóði borgarbúum og gestum borgarinnar upp á framsækna list, alþjóðlega sem íslenska.
5. Borgarhátíðarsjóður stuðlar að því að efla fasta árlega viðburði og auka fagleg vinnubrögð í hátíðahaldi, m.a. með því að auðvelda langtímaskipulagningu og skapa samfellu í hátíðahaldi borgarinnar.
6. Samstarf stofnana á menningar- og ferðamálasviði við að kynna og markaðssetja Reykjavík sem menningarborg.
7. Ferðaþjónustuaðilar sem kynna Ísland og Reykjavík eru hvattir til að nýta menningarlíf borgarinnar sem aðráttarafl.
8. Markvisst samstarf við erlenda aðila í kynningu menningarlífs borgarinnar á vegum Höfuðborgarstofu.
9. Staða Reykjavíkur sem Bókmenntaborg UNESCO verði nýtt til að vekja alþjóðlega athygli á Reykjavík, íslenskum rithöfundum og laða gesti til borgarinnar.
10. Samstarf við Film in Iceland með það að markmiði að fjölga erlendum kvikmynda- og auglýsingaverkefnum á Íslandi.
11. Bókmenntaferðir, borgargöngur og menningarmarkeringar á erlendum tungumálum þróaðar áfram.
12. Reykjavíkurborg leitast við að styrkja íslenska listamenn til verkefna erlendis, svo sem með sjóðunum Reykjavík Loftbrú, Muggi og Talíu .

8. kafli

MENNING Í STAFRÆNUM MIÐLUM

Reykjavíkurborg nýtir upplýsingatækni á markvissan hátt í stafrænni varðveislu og miðlun menningar.

Aðgerðir á 5 ára áætlun:

1. Nýjustu miðlar á sviði upplýsingartækni markvisst nýttir við miðlun menningarefnis.
2. Sameiginlegri safnabúð menningar- og ferðamálasviðs komið á fót á netinu.
3. Leitað verði ráðgjafar sérfræðinga til að bæta rafrænt aðgengi fólks með ólíka færni.

Aðgerðir í farvegi:

1. Menningarstofnanir borgarinnar og Höfuðborgastofa verði til framtíðar í fararbroddi í nýmiðlun og bæti þannig þjónustu sína, kynningu og auki sértekjur.
2. Tryggt að lykilstarfsmenn á stofnunum menningar- og ferðamálasviðs búi yfir þekkingu og aðstöðu sem geri þeim kleift að miðla stafrænt upplýsingum um menningarverðmæti, menningararf og þjónustu í menningar- og ferðamálum á fjölbreyttan og skapandi hátt.
3. Áhersla lögð á miðlun lifandi myndefnis og gagnvirkt viðmót í kynningarstarfi menningarstofnana.
4. Samstarfsverkefni Ljósmyndasafns Reykjavíkur og Nýherja heldur áfram um leiðbeiningar til almennings um varanlega vistun stafrænna mynda.
5. Rafrænt kennsluefni þróað um útilistaverk borgarinnar
6. Allar sýningarskrár Listasafns Reykjavíkur frá upphafi eru aðgengilegar á netinu.

Stuðlað er að aðgengi, gagnvirkni og öflugri dreifingu menningar með hjálp stafrænna miðla.

Aðgerðir í farvegi:

1. Borgarbókasafn sinnir útláni rafbóka. (breytt)
2. Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar sinna faglegri kynningu á menningu á stafrænum miðlum á íslensku og erlendum tungumálum.
3. Stafræn miðlun verður áfram snar þáttur í starfi Bókmenntaborgarinnar, m.a. með sameiningu vefjanna bokmenntir.is og bokmenntaborgin.is
4. Sölukerfi haldið úti á myndavef Ljósmyndasafn Reykjavíkur þar sem safnkostur er aðgengilegur.
5. Safneign Listasafns Reykjavíkur er aðgengileg á vef listasafnsins þar sem hægt er að nálgast myndir og upplýsingar um verk eftir íslenska listamenn frá aldamótunum 1900 til ársins 2013. Þar er jafnframt hægt að skoða götukort með upplýsingum um útilistaverk í Reykjavík.
6. Upplýsingar um og myndir af safnmunum Minjasafns Reykjavíkur gerðar aðgengilegar almenningi á vefnum sarpur.is.
7. Borgarbókasafn veitir aðgang að ýmsum vefum sem tengjast bókmenntum og öðrum ritum, auk þess að veita upplýsingar um safnkost sinn.

9. kafli

ÞÁTTUR MENNINGAR Í STJÓRNKERFI REYKJAVÍKURBORGAR

Skipulag menningarmála er skýrt og stjórnun þeirra markviss því vægi menningar í starfsemi Reykjavíkurborgar er ótvírætt.

Aðgerðir í farvegi:

1. Staðinn er vörður um vægi menningarlífsins í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.
2. Skýr verka- og ábyrgðarskipting er á sviði menningarmála í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.
3. Starfsemi menningar- og ferðamálasviðs einkennist af gagnsæju skipulagi og verklagsreglum.
4. Þess er gætt að stuðningur við menningarstarfsemi sé í samræmi við regluna um hæfilega fjarlægð við úthlutun opinbers fjár til menningarstarfs.
5. Menningar- og ferðamálasvið setur sér skýr markmið og raunhæfar áætlanir sem tryggja góða nýtingu fjármuna og reglulegt eftirlit.
6. Aðgerðaráætlun þessi er fylgiskjal Menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2014-2020 og skal uppfærð árlega samhliða gerð starfsáætlunar fyrir komandi ár.

Aukin áhersla er lögð á samstarf borgarinnar í menningarmálum innan fagsviða borgarinnar, við ríki og aðra sem láta menningarmál sig varða.

Aðgerðir í farvegi:

1. Aukin samvinna fagsviða Reykjavíkurborgar að menningarverkefnum.
2. Samstarf og samráð borgar og ríkis í menningarmálum.

Rætur og vængir

Listin að fagna litrófi menningar og tungumála
Stefna menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkur um fjölbreytta menningu í borginni
2017-2020.

„Menningarleg auðlind borgarinnar er fólgin í íbúum hennar, einkum þeim sem
skapa og víkka vitund borgarbúa fyrir hinum ýmsu menningarþáttum.“
Skilgreining ReykjavíkurAkademíunnar á hugtökunum; Menning, sérstaða, auðlind, rými.

Inngangur

Samfélagið á Íslandi í dag er bæði fjölbreytt og litríkt. Það eru grundvallar mannréttindi fólks að geta verið virkir þátttakendur í menningarlífinu. Sem höfuðborg gegnir Reykjavík menningarlegu forystuhlutverki og byggir sjálfsmynd borgarinnar á skapandi hugsun, frumkvæði, fjölbreytileika og menningararfi. Menningarlífið er sprottið af frumkvæði og sköpunarkrafti íbúa. Það er drifið áfram af fjölda einstaklinga, samtaka og stofnana af ýmsu tagi sem þar leggja hönd á plóg. Menningarlíf höfuðborgarinnar er fjölskrúðugt og á að hlúa að fjölbreytileikanum. Hann er kjarninn í menningarlegri sjálfmynd borgarinnar.

Menning, listir og saga ýta undir samkennd og jákvæða forvitni um fjölbreytileika mannlífsins. Reykjavíkurborg hefur augun opin fyrir tækifærum sem auka gagnkvæman skilning, virðingu og jafnrétti og nýtir þau í þágu samfélagsins.

Þessari stefnu, og aðgerðum sem henni fylgja, er ætlað að tryggja að tillit verði tekið til þess nútíma samfélags sem lýst var hér að ofan.

Stefnan byggir meðal annars á farsælli reynslu fjölmenningsstarfs Borgarbókasafns Reykjavíkur þar sem list og sköpun er grunnur að samstarfi við ýmsa aðila í samfélaginu. Einnig hefur verið byggt á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og litið til fjölmenningsstefnu Skóla- og frístundarsviðs Reykjavíkur, *Heimurinn er hér*. Þá hefur verið stuðst við skýrslu Evrópusambandsins *How Culture and the Arts Can Promote Intercultural Dialogue in the Context of the Migratory and Refugee Crisis*.

Leiðarljós

Reykjavíkurborg hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi sínu eins og kveðið er á um í mannréttindastefnu hennar. Fjölbreytni menningarlífsins er viðurkennd og studd með tjáningarfrelsi að leiðarljósi.

Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar hafa það að leiðarljósi að opna dyr sínar fyrir fjölbreyttum hópi gesta og vera vettvangur samveru, sköpunar og gagnvirkar menningarlegrar samræðu. Gestum skal sýnd fagmennska, vinsemd, virðing, alúð og traust og menningarstofnanir Reykjavíkurborgar skulu vera aðgengileg gátt inn í fjölbreytt mannlíf og menningu þar sem ólíkar raddir fá hljómgrunn. Það er lykilatriði í starfinu að líta á fjölmenningu sem eitthvað sem tengist öllum borgarbúum og að einstaklingar séu ekki álitnir fulltrúar ákveðinna þjóða.

Hlutverk

Stefnan liggur til grundvallar fjölmenningsstarfi á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar og byggir hún á menningarstefnu sviðsins. Titill stefnunnar, „Rætur og vængir“, gefur til kynna að öllum sé nauðsynlegt að rækta rætur sínar og sögu og jafnframt að auka við reynslu sína og lífsgæði með hvers kyns skapandi áskorunum. Listin er sameiginlegt tungumál okkar allra og gefur okkur tækifæri til að tengjast þvert á ólíkan bakgrunn.

„Menningarsviðið býður upp á sameiginlegan vettvang og grundvöll samstarfs, samráðs og skoðanaskipta. Virkt og öflugt menningarlíf sem birtist í fjölbreyttum menningarformum er mikilvægur þáttur í samfélagi þar sem allir eru með.“
Stefna Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarsamstarfi 2013–2020

Samspil milli fjölbreyttra menningarheima og tungumála auðgar mannlíf borgarinnar. Allir eiga sér sína sögu hvaðan sem þeir koma og öll erum við borgarar heimsins. Í fjölmenningslegu samfélagi er það sameiginlegt verkefni borgarbúa að flétta saman þessar sögur og búa til nýjar í sameiningu. Menningarstofnanir eru miðstöðvar mannlífs, lista og menningar og þess vegna augljós vettvangur fyrir starfsemi sem sameinar fólk.

Allir eiga að geta speglað sig í menningarstarfi Reykjavíkurborgar og tekið virkan þátt í því. Hlutverk menningarstofnana er í sífeldri endurskoðun en þær taka tillit til vaxandi fjölbreytileika í samfélaginu og eru vakandi fyrir tækifærum til að sinna ólíkum samfélagshópum í daglegu starfi.

Aðgengi og grasrót

Markmið

Að tryggja tækifæri fyrir fólk til að taka þátt í menningarstarfi á jafnréttisgrundvelli, þar sem ólíkar raddir fá áheyrn og fólk finnur til þess að það getur haft áhrif og eigi hlutdeild í samfélaginu.

Að listamenn sem ekki hafa íslenskan bakgrunn hafi greiðan aðgang að þátttöku og upplýsingum.

Að hvetja til samstarfs þvert á þekkingarsvið, óháð tungumálum og lífsviðhorfum þar sem listin er hið sameiginlega tjáningarform.

Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar veita öllum borgarbúum tækifæri til að taka þátt í menningarstarfi og þær leggja rækt við grasrótastarf á sviði lista og menningar í borginni.

„Jafn aðgangur að ríkulegum og fjölbreytilegum menningarlegum tjáningarformum [...] og leiðum til að miðla þeim eru mikilvægir liðir í að styrkja menningarlega fjölbreytni og ýta undir gagnkvæman skilning.“
Samningur UNESCO um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform (2005)

Menningarlíf höfuðborgarinnar stendur öllum opið. Þannig getur hver og einn skynjað hlutdeild sína í því og tekið þátt á eigin forsendum sem og hvatt aðra til virkrar þátttöku. Að njóta menningar er ekki einangraður atburður, heldur heildarupplifun. Það felur í sér félagsskapinn, aðdragandann, ferðina, fræðsluna og samræðurnar. Markmiðið er að breikka þann hóp sem sækir menningarstofnanir og sporna gegn menningarlegri aðgreiningu.

Upplýsingar um styrki menningar- og ferðamálasviðs skulu vera aðgengilegar og meðal annars ná til samtaka og félaga innflytjenda. Styrkveitingar borgarinnar til menningarlífsins styðja við gróin verkefni sem hafa fundið sinn farveg og skulu auk þess hlúa að grasrótastarfi og tilraunastarfsemi, sem oft er vísirinn að því sem koma skal.

Vinsemd og virðing

Markmið

Að menningarstofnanir séu aðgengilegar öllum. Þær njóti trausts og virðingar og séu eftirsóttir staðir til að hittast og dvelja á. Þar ríki vinsemd og virðing.

Að allir starfsmenn séu vel upplýstir og hæfir til að taka á móti gestum með fjölbreyttan bakgrunn og ólíkar tungumálaforsendur.

Að skapa vettvang þar sem markvisst er unnið að því að vinna gegn fordómum gagnvart ólíkri menningu, trúarbrögðum, þjóðerni, litahætti og tungumálum.

Að skapa samkennd, virðingu og áhuga fyrir fjölbreyttri menningu.

Að fólk njóti sín í gefandi og vinalegum samskiptum og að skilaboðin séu þau að allir séu velkomnir og verðugir.

Að framlag til menningarlegs landslags borgarinnar sé okkar allra.

Gestum menningarstofnana Reykjavíkurborgar er sýnd alúð og virðing án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáníngar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

Fræðsla og vettvangur

Markmið

Að skapa vettvang þar sem fræðsla og viðburðir opni gátt inn í samfélagið og skapi tengsl milli fólks í gegnum listir og menningu.

Að ýta undir gagnvirkar menningarlegar samræður, fjölmeningarfærni og gagnkvæman skilning milli fólks.

Að búa til vettvang þar sem margbreytileiki samfélagsins fær hljómgrunn, þar sem fólk lærir hvert af öðru með virðingu að leiðarljósi.

Að rækta menningarlæsi, bæði hvað varðar eigin menningu og annarra.

Að efla sköpunarkraft barna og ungmenna.

Að varpa ljósi á styrkleika og fjölbreytta menningu barna og ungmenna.

Að auka möguleika allra barna í skóla- og frístundastarfi til að taka þátt í sköpun í gegnum margvísleg tjáningarform.

Að auka möguleika allra barna í skóla- og frístundastarfi til að njóta listar og menningar.

Að búa til vettvang fyrir fjölskyldur til að eiga samverustundir.

Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar eru vettvangur fyrir sköpun, fræðslu og samræðu.

„Aðildarríki skuli virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og skuli stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómstundaiðju.“ (Úr Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna)

Drög að aðgerðaáætlun

Aðgerðaáætlun stefnunnar „Rætur og vængir“ verði hluti af uppfærðri aðgerðaáætlun menningar- og ferðamálasviðs árið 2018, enda kallast margar aðgerðir menningarstefnu borgarinnar á við stefnu Róta og vængja um fjölbreytta menningu í borginni 2017 – 2020. Aðgerðir menningarstofnana skulu vera mælanlegar að því marki sem hægt er.

Aðgerðir á 5 ára áætlun:

1. Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar vinni sérstaka aðgerðaráætlun um fjölmenningu í anda nýrrar stefnu ráðsins Rætur og vængir „ Listin að fagna litrófi menningar og tungumála“
2. Starfsfólk menningarstofnanna fái fræðslu um stefnuna og innleiðingu hennar.
3. Stefnan sé sýnileg og virk í starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar, fyrir starfsmenn og gesti.
4. Stefna og aðgerðaráætlun kynnt fyrir fjölbreyttum hópum samfélagsins.
5. Menningarlegt litróf borgarbúa sé sýnilegt í starfsemi allra stofnana menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkur.
6. Listamenn sem ekki hafa íslenskan bakgrunn hafi greiðan aðgang að þátttöku og styrktarmöguleikum í menningarlífinu
7. Fræðsla og viðburðir eða önnur starfsemi hafi nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar á tungumálum þeirra hópa sem eru fjölmennastir í Reykjavík.
8. Allar menningarstofnanir borgarinnar fari í samstarf við stofnanir, grasrótina, félag, samtök, tungumálahópa eða aðra hópa sem stuðla að fjölbreytni menningar.
9. Norræn ráðstefna um fjölmenningarstarf Borgarbókasafnsins verður haldin í Veröld í maí 2018 í samstarfi við Norrænu ráðherranefndarinnar og Íslensku UNESCO-nefndina.
10. Rafrænar leiðbeiningar um fjölmenningarlegt starf Borgarbókasafnsins síðan 2008; skráning og innblástur um samstarf við stofnanir, svið borgarinnar, listafólk, grasrótina o.fl.

Aðgerðir í farvegi:

1. Borgarsögusafn, Borgarbókasafnið, Listasafn Reykjavíkur, Bókmenntaborgin; Reykjavík Safarí, árleg menningarleiðsögn á 6 tungumálum.
2. Borgarsögusafn, Borgarbókasafnið, Listasafn Reykjavíkur; kynningar fyrir tungumálaskóla.
3. Borgarsögusafn, Borgarbókasafn, Listasafn Reykjavíkur; Leiðsögumenn flóttafólks, samstarf við Rauða krossinn.
4. Borgarbókasafnið: “Menningarmót – Fljúgandi teppi”, “Söguhringur kvenna”, “Café Lingua – lifandi tungumál”, “Heilahristingur – heimanámsaðstoð”, “Hvað er helst í fréttum”, “Kíktu á bókasafnið” kynningarmyndband á 9 tungumálum, „Lestrarvinir”.
5. Borgarsögusafn; Spilaverkefni, samstarf við Rauða krossinn.
6. Borgarbókasafn; Nýtt heimskort Söguhrings kvenna, listsköpun haustið 2017/ vor 2018.
7. Listasafn Reykjavíkur; „Listin talar tungum.“

8. Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO: Fjölbreytt samstarf og stuðningur við rithöfunda af ólíkum uppruna í Reykjavík.

Dæmi um samstarfsaðila Borgarbókasafnsins á sviði fjölmennningar sem áframhaldandi þróun verkefna MOF mun byggja á:

- Rauði krossinn
- W.O.M.E.N. Samtök kvenna af erlendum uppruna
- Móðurmál – samtök um tvítyngi
- Háskóli Íslands
- Veröld, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur
- Norræna húsið
- Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO
- Leikskólar
- Grunnskólar
- Framhaldsskólar
- Tungumálaskólar
- Íslenskuborpið
- Þjónustumiðstöðvar
- Myndlistarfólk
- Leiklistarfólk
- Ýmis önnur félög og einstaklingar